



Mennta- & starfsþróunarstefna

LEIÐARLJÓÐ

Það er stefna mennta- og starfsþróunarseturs að bjóða starfsmenum og starfsfólki lögreglu uppá fjölbreytt nám og þjálfun sem stenst gæðakröfur og byggir á markvissri þarfagreiningu og stefnu stjórnvalda hverju sinni.

SÍ- OG SÉRMENNTUN

Fræðsla og þjálfun er sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda. Stuðlað er að því að starfsmenn viðhaldi þekkingu sinni og að skapa umhverfi sem hvetur starfsmenn og stjórnendur lögreglu til að afla sér þekkingar. Lögð er áhersla á að allir fái tækifæri til að taka framförum og takast á við ný verkefni. Árlega eru skipulagðar og innleiddar reglubundnar mælingar á viðhorfi til gæða allra þjálfunar og námskeiða.

SAMVINNA

Mennta- og starfsþróunarsetur leggur ríka áherslu á samvinnu við lögregluembættin, háskólasamfélagið, opinberar stofnanir og erlendar löggæslu- og menntastofnanir. Áhersla er lögð á samvinnu við lögregluembættin og starfsfólk lögreglu um mat á fræðsluþörfum.

STARFSNÁM

Áhersla er lögð á öryggi starfsmena, heilsuvernd og að starfsumhverfið uppfylli kröfur um vinnuvernd. Leitast er við notkun gagnreyndra aðferða, gæðamat á kennslu og þjálfun auk þess sem notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat. Unnið er að samþættingu jafnréttissjónarmiða í öllum þáttum kennslu.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Áhersla er lögð á að þróa gagnreyndar aðferðir lögreglu með því að stuðla að vísindarannsóknnum innan lögreglunnar. Við val á rannsóknarefnum skal haft að leiðarljósi að þær séu unnar í þeim tilgangi að efla þróun og fagmennsku innan lögreglunnar.

MIÐLUN UPPLÝSINGA OG SKRÁNING Á VIÐBURÐI

Upplýsingagjöf til starfsmanna skal vera skilvirk og gagnvirk. Lögð er áhersla á að upplýsingastreymi til embættanna sé gott.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar